

Klæðningar í flokki 1.

Í Byggingarreglugerð nr. 441 /1998, gr. 148.1 segir:

Klæðning í flokki 1.

148.1 *Klæðning í flokki 1 skal uppfylla skilyrði ÍST EN 13501-1 um flokkunina K10 B-s1,d0. Þau eru helst:*

- a. *Klæðningin í heild sinni eða ysta yfirborð hennar skal a.m.k. hafa sömu brunaeiginleika og byggingarefni í flokki B-s1,d0, sbr. b. lið gr. 147.1.*
- b. *Klæðningin skal vera nægilega þykk til að hindra íkvikun í brennanlegu efni á bak við klæðninguna í a.m.k. 10 mínútur.*

148.2 *Brunamálastofnun ríkisins setur nánari reglur eða skilyrði um lágmarksþykkt klæðningar í flokki 1 með hliðsjón af brunaeiginleikum undirlags og því hvort holrúm er á bak við klæðninguna.*

Dæmi um viðurkenndar klæðningar í flokki 1:

- a. Gifspötur a.m.k. 9 mm.
- b. Trétrefjastyrktar gifspötur a.m.k. 10 mm.
- c. Eldvarðar spónaplötur a.m.k. 10 mm.
- d. Sementsbundnar trétrefjaplötur a.m.k. 25 mm.
- e. 22 mm þykk nótuð borðaklæðning, gegndreypt með eldvarnarefni
- f. Múrhúðun á vírnet, a.m.k. 15 mm þykk.

Þegar um plötur er að ræða, þá skal hámarksbil á milli uppistaða (naglaraða) vera 600 mm, en 1000 mm fyrir klæðningu úr borðum, sjá nánar í leiðbeiningablaði 153.2 BR2.

Ganga má út frá að byggingarhlutar, sem í heild eru úr efnum, sem nefnd eru hér að ofan, hafi yfirborðseiginleika eins og klæðning í flokki 1, og það eins þótt efnisþykkt sé meiri en þar er tilgreind. Sama gildir um önnur efni í flokki B-s1,d0.

Þótt krafist sé klæðningar í flokki 1 má nota ofangreind efni eða önnur efni í B-s1,d0-flokki í minni þykktum, ef klæðning liggur þétt að byggingahluta í B-s1,d0-flokki, eða að klæðningu í flokki 1. Festing skal vera brunatæknilega örugg. Heildarþykkt skal ekki vera minni en að ofan greinir.